

Ed.

144. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1959, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið 1959 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar flytur frumvarp þetta samkvæmt ósk ráðherra.

Allar bótagreiðslur samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbót á, samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun, sjá 71. gr. laganna.

Nú er allt í óvissu um það, með hverri vísitölu laun verða greidd á árinu 1959 og ekki horfur á, að upplýst verði um þetta atriði fyrir árslokin. Áætlun um útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins á næsta ári, sem byggja má á, liggur því ekki fyrir. Iðgjöld og framlög, samkvæmt 24. og 25. gr. laganna, miðast við útgjöld stofnunarinnar. Það er ekki unnt að ákveða iðgjöld og framlög til stofnunarinnar fyrir en nokkurn veginn örugg áætlun hefur verið gerð um útgjöldin.

Af ýmsum ákvæðum laganna er ljóst, að ráðherra skal hafa ákveðið iðgjöld og framlög næsta árs fyrir árslok, sjá t. d. 25. gr., 26. gr., 27. gr. 3. mgr., 28. gr. 3. mgr. og 29. gr.

Samkvæmt framansögðu er nauðsynlegt að veita ráðherra með lögum heimild til þess að fresta ákvörðun iðgjalda og framlaga að þessu sinni.

Í frumvarpinu er lagt til, að ráðherra fái heimild til að fresta þessum ákvörðunum, þar til fjárlög fyrir árið 1959 hafa verið sett.